

## REGLUR

### um breytingu (13) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

#### 1. gr.

Sjöunda málsgrein 43. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Dórnefnd er ennfremur skylt að hafa til hliðsjónar framgangsreglur Háskóla Íslands, nr. 863/2001. Við nýráðningu skal þó ekki gera kröfu um lágmarksstig fyrir kennslu, sbr. 4. gr. áðurnefndra framgangsreglna. Dórnefnd er heimilt að hafa til hliðsjónar þau gögn sem kunna að vera til um umsækjendur í vörslum háskólans og snerta starfshæfni og vinnuframlag.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 17. október 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

24. október 2002

Nr. 759

## SAMÞYKKT

### um notkun og hreinsun rotþróa í Skorradalshreppi.

#### 1. gr.

Fráveituvatn frá sérhverri húseign í Skorradalshreppi skal leiða gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

#### 2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en á 3 ára fresti.

#### 3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Skorradalshrepps eða rotþróareiganda og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd skal kynnt verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

#### 4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró sem sveitarfélagið lætur annast, skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald og skal það standa undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustu-hætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 5. gr.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. febrúar og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs Skorradalshrepps.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.